

Gróðurfar í Arnkötludal og Gautsdal við fyrirhugað nýtt vegstæði

Unnið fyrir Leið ehf. Bolungarvík
v/umhverfismats á áhrifum vegaframkvæmda

Arnín Óladóttir

Apríl 2005
NV nr. 02-05

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
INNGANGUR	3
VINNUAÐFERÐ	3
NIÐURSTÖÐUR	5
Gróðurfar við veglínur	5
Efnistökusvæði.....	11
UMFJÖLLUN	12
VIÐAUKI	13

Inngangur

Að beiðni Leiðar ehf. í Bolungarvík fór fram athugun á gróðri á fyrirhuguðu nýju vegstæði frá Djúpvegi 61, við Hrófa í Steingrímsfirði um Arnkötludal og Gautsdal að Vestfjarðavegi 60, í Króksfirði. Verkfræðistofan Línuhönnun hefur lagt fram frumdrög að nýjum vegi um svæðið og leggur til einn valkost um meginhluta svæðisins (leið 1), ásamt þremum öðrum mögulegum valkostum fyrir tengingu við Vestfjarðaveg. Í Arnkötludal koma tvær leiðir til greina en ein tenging við Djúpveg.

Vegstæðið um Arnkötludal var fyrst skoðað sumarið 2003, og þá kom í ljós að austari hluti dalsins er nánast ein samfelld hallamýri, (leið 6-N), en vestari hlutinn að miklu leyti skriður og holt. Sunnan Arnkötludals, á fjallinu og niður Gautsdal, er gróður sambærilegur hvort sem farið er vestan eða austan megin og engin sýnileg verndarsvæði á þeirri leið.

Tilgangurinn var að kanna hvort um væri að ræða einhverjar þær tegundir plantna eða gróðurhverfi sem bæri að vernda í sjálfu sér eða sem búsvæði fyrir viðkvæmar tegundir. Ennfremur var litið til þess hvaða áhrif framkvæmdin í heild sinn hefur á gróðurfar og gróðurskilyrði á umræddu svæði.

Vinnuaðferð




Allt framkvæmdasvæðið er á óröskuðu landi og þarf því að meta það sem heild, auk þess að kortleggja sérstaklega viðkvæm og sérstæð gróðurhverfi og þau svæði sem eru háð verndarákvæðum. Stuðst var við uppdrátt verkfræðistofunnar Línuhönnunar af veglínunum og valkostum (sjá yfirlitsmynd 1, SD-01).

1. Gróðurskoðun hófst snemma á hönnunarferlinu og því byrjað á því að ganga svæðið vítt og breitt til þess að meta verndargildi. Austanverður Arnkötludalur (leið 6-N), er nánast ein samfelld hallamýri og er mælt gegn hugmyndum um vegstæði um hana.

Að öðru leyti eru engin samfelld svæði, eða gróðurhverfi sem voru talin þurfa sérstaka meðferð eða aðgát utan þess sem nauðsynlegt er að viðhafa við allar framkvæmdir á ósnortnu landi.

Skráðar voru plöntur á valista: þær tegundir sem hafa fundist í nágrenninu í gróðurlendum eins og er að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

2. Skilgreind var svæðaskipting (svæði 1-6), landfræðilega eftir fyrirhugaðri veglínu (leið 1) og kortlögð heildstæð gróðurlendi sem munu verða fyrir raski eða breytingum á skilyrðum, vegna framkvæmdarinnar.
3. Svæði voru gengin og gróðurhverfaskipting samkvæmt gróðurgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, (júlí 1997), skráð á kort í mælikvarðanum 1:10.000. Einnig var skráður tegundalisti blómplantna og byrkninga á hverju skilgreindu svæði. Sérstaklega var hugað að tegundum sem eru á valista, en leitað var sérstaklega að eftirtöldum tegundum sem hafa fundist í nágrenninu í



		Línuhönnun verkfræðistofa		Leið ehf		Stranddalavegur		vegur nr.	
		DAGSETNING NAFN HANNA Sept. 2004 HSS/GG TEKNAD Dec. 2004 HSS				Yfirlitsmynd		skýring nr.	
		23.02.05 HSS BE dagr nafn yfirl. SAMÞYKKT				01-Yfirlitsmynd.dgn		Mælikvæði (A3) Útgáfa 1:40000 A	
								SD-01	

svipuðum gróðurlendum og þarna er að finna: (athugasemdir í sviga sýna þá leiðarvísa sem notaðir voru við að svipast eftir þeim)

- Stefánssól, *Papaver radicum ssp stefansonii* (melar, merkt á vestanverðu svæðinu).
- Hrístastör, *C. buxbaumi ssp alpina* (viðarmýrar, merkt í nágrenninu).
- *Cladonia squamosa* - (mólendi, merkt í botni Steingrímsfjarðar).

Skráð var: Yfirbragð svæðis, gróðurhverfi og skilyrði, tegundir, gróðurþekja, yfirborð, sýnileg vatnsmiðlun, jarðvegur, merki um landnýtingu, og annað það sem athygli vakti. Þar sem ástæða þótti til voru skoðuð stærri svæði, utan eiginlegs framkvæmdasvæðis, til samanburðar.

Niðurstöður

Tegundaheiti eru skv. Herði Kristinssyni: *Plöntuhandbókin*, (Örn og Örlygur, 1989), sjá upptalningu á tegundum í viðauka. Auk þess var stuðst við *Gróðurgreining*, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Reykjavíkurstur, júlí 1997. Gróðurkort voru teiknuð inn á loftmyndir frá Landmælingum Íslands, útprentun var í mælikvarðanum 1:10.000. Kortin, gróðurgreining á einstökum svæðum, eru birt í mælikvarða sem er nálægt 1:25.000 (kort 1-6). Athugið að gróðurkort fylgja ekki alveg landfræðilegri skiptingu þar sem þau skiptast eftir lengd veglínur.

Alls fundust á öllu framkvæmdasvæðinu 91 tegund af blómplöntum og byrkningum, (sjá viðauka 1), en langmest er af mosa, *Racomitrium spp.* Flestar eru þessar tegundir algengar um allt land eða a.m.k. svæðisbundið.

Ekki fundust neinar af ofangreindum tegundum sem eru á valista.

Gróðurfar við veglínur

Svæði 1. Hrófá – Arnkötludalur, stöðvar 0-6.000)

Vegstæðið í Hrófárlandi liggur eftir brotnum klapparás, þar sem lítt gróin leirlög eru á milli klappanna, að stöð 2.000. Innan svæðisins á milli stöðvar 2.000 – 5.000, er dýpra á klöppina og mólendi verður ríkjandi á milli efstu klapparholta, en viðarmýri þar sem raki er meiri. Þar sem votast er verða mýrarsundin stórþýfð. Nokkrir votlendisflákar eru í hlíðum, þeir stærstu eru stórþýfðir fjalldrapamóar á milli holta frá stöð 2.000 – 4.000, samanlagt nálægt einum hektara að stærð. Vatnsmiðlun er af litlu svæði ofan vegstæðis og frá úrkomu. Vatn situr á milli klappanna og halda þær við vatnið að hluta. Nokkuð er um vegslóða neðst, að sumarhúsi og ofar vegna bústarfa. Landslagsskjól er ekkert nema einhver snjósofnun er í lægðum. Gróðurþekja er í heild nálægt 20% neðan stöðvar 2.000, en nálægt 50% ofan hennar, þar sem skiptast á lítt gróin holt og ásar og algrónir votlendisranar. Nokkur merki eru um sumarheit á svæðinu en þó virðist fé halda sig meira innar í dalnum.



Mynd 2. Klapparás við Arnkötludalsá. Horft til Norðurs. PS/NAVE © 2004

Svæði 2. Arnkötludalur að Þvergili, stöðvar 6.000 – 10.000

Í dalsmynninu og fram að Vonarholti, stöðvar 5.000 – 7.500, eru smáfell, aurholt og hjallar með mjóum mýrarsundum á milli. Holtin eru hálfgróin, gróðurþekja <50%, þar sem grámosi og smárunnar eru ríkjandi í gróðurþekju. Nokkrir smálækir mynda mýrarsund (<1000 m²) og stöku hjallar safna snjó, þannig að snjódældagróður myndast, aðallega finnugur og aðrar grastegundir en einnig aðalbláberjalyng þar sem ofar dregur í hlíðina.

Umhverfis Vonarholtsbæinn, stöðvar (7.500 – 10.000) og inn af honum eru votlendis svæði. Framkvæmdasvæðið er ofan við öll sýnileg merki um mannvist við Vonarholt og liggur þar uppi í þýfðum lyngmóa. Innan við bæjarstæðið sjálft liggur vegstæðið að mestu yfir mosavaxin holt en nokkuð er um votlendisrana þar sem skiptast á klóffifusund og þýfðar viðarmýrar.

Gróðurþekja er frá 40% á holtum og að 100% í lægðum.



Mynd 3. Horft vestur yfir Arnkötludalsá. PS/NAVE © 2004

Svæði 3. Þvergil – Þröskuldur, stöðvar 10.000 – 15.000.

Fyrsta kílómetrin liggur vegstæðið að mestu um þýfðar mosaþembur með grösum. Undir Hrafnabjörgum, (stöðvar 11.000 – 12.000), er hallandi klóffu- og hálmgresismýri, alls um 20 ha að stærð upp undir kletta Þegar ofar dregur gisnar gróðurinn og verða hálfgróin malarholt með mosa og berangursgróðri ríkjandi, en grasbalar þar sem skjóls nýtur. Gróðurþekja er nálægt 40% yfir heildina, misjöfn eftir svæðum. Vatnsmiðlun er frá snjóbráð og vötnum og tjörnum á heiðinni, að mestu eftir lækjum en lítilsháttar seitlar um hlíðina. Þar sem hlíðin er ávöl og malarkennd nær vatnið lítið til yfirborðs fyrr en niðri á jafnsléttu við ána.



Mynd 4. Innst í Arnkötludal. AÓ ©2004




Mynd 5. Innst í Arnkötludal. Myndin tekin af Tröllatunguheiði. PS/NAVE ©2004

Svæði 4. Efri hluti Gautsdals að brúarstæði, stöðvar 15.000 – 18.000.

Svæðið er lítt gróið, klappir og malarholt, en þó myndast nokkrar gróðurmottur í lægðum og þar sem skjóls nýtur fyrir norðanátt. Þar er aðallega um að ræða mosabembur með grösum, hálfgrösum og lyngi. Þó eru nokkrir smáir hvammar þar sem votlendi nær að myndast og jafnvel litlar tjarnir, sem margar hverjar þorna síðsumars (U).

Jarðvegur er gljúpur og því ekki rakaheldinn sem í bland við létt snjóalög skapar gróðri erfið skilyrði. Vegna þess hve undirlagið er laust í sér er vatnsrennsli allt í afmörkuðum rásum og rennur vatn því hvergi um efsta lagið. Gróðurþekja er í heild minni en 25%, allt frá 0 – 100% í örfáum afmörkuðum hvömmum sem njóta skjóls frá vindum á sumrin og liggja undir snjó á vetrum.



Mynd 6. Dalsdrög Gautsdals. PS/NAVE ©2004

Svæði 5. Neðri hluti Gautsdals um Valshamar, stöðvar 18.000 – 22.000.

Austan Gautsdalsár virðist vera jafnari og betri vatnsmiðlun, enda liggur vegstæðið hér í hlíðarrótum. Efst eru berangusrholt þó enn ríkjandi, en mosabembur með lyngflákum á milli. Næst ánni eru gjarnan grashvamar. Neðar, (stöðvar 20.000 – 20.500) er votlendur hvammur um litlar, grunnar, tjarnir. Þar er klófifa umhverfis tjarnirnar og mýrafinnungur í bland í hvamminum. Votlendið er um 1 ha að stærð. Efnistökusvæði 60 er klapparholt sem að hluta heldur við vatn á þessum stað. Strýtan sjálf er að mestu ógróin, gróf urð þar sem verður efnistökusvæði.

Neðan við Strýtu er votlent svæði þar sem skiptast á klófifa og litlir blettir af starungsmýri. Svæðið er u.þ.b. 2 ha að stærð á grunnum jarðvegi. Neðan þess er efnistökusvæði E.



Mynd 7. Gautsdalur neðan Strýtu. PS/NAVE © 2004.

Svæði 6. Í Geiradal, stöðvar 22.000 – 25.400.

Svæðið er allt meira og minna raskað af mannavöldum. Gróður ber merki um beit og eru að mestu grastegundir þar sem jarðvegur og vatnsmiðlun leyfir, en lítt grónir melar og áreyrar á milli.



Mynd 8. Bakkadalur, horft í suður. BÞ/NAVE © 2004

Leið 6-N. Arnkötludalur austan ár.

Allur dalurinn, austanverður, er hallamýri þar sem skiptast á klóffuflesjur, gulstararlænur og smápýfð starungsmýri og er votlendið um 20 ha að stærð. Stöku holt standa upp úr mýrinni og víða eru grónir skriðutaumar úr hliðinni. Mógrafir eru gegnt bæjarstæðinu á Vonarholti þar sem sést að jarðvegur er allt að 2 m djúpur.

Á Vestfjörðum hagar þannig til að vatn sprettur víðast undan skriðum í bröttum fjallshlíðum og hafa hallamýrarnar sem þannig myndast neðst í fjallshlíðum verið nýttar til heyöflunar og síðan ræstar fram fyrir véltæka túnrækt síðustu áratuginna. Um annað land er varla að ræða til fóduröflunar. Ekki hefur verið gerð formleg úttekt á umfangi framræslunnar, eða hversu mikið er eftir af ósnortnum hallamýrum, en þó má fullyrða af staðþekkingu að ósnortin hallamýri af þeirri stærð og fjölbreytni sem er að finna í Arnkötludal er afar sjaldgæf á Vestfjörðum, ef ekki einstök.

Mögulegar tengingar við Vestfjarðaveg.

Leið 1 fer yfir Bakkaá og tengist Vestfjarðavegi austan við Geiradalsá. Leið 2-S, 3-S og 4-S fara yfir Gautsdalsána. Þessir kostir valda allir raski umhverfis Gautsdalsá eða Bakkaá auk þess að fara yfir graslendi og melholt. Áhrif á gróðurfar verður svipað hver af þessum kostum verður valinn.

Efnistökusvæði

Flest efnistökusvæðin má sjá á mynd 1.

Svæði A.

Malarkeila sem stendur upp úr umhverfinu, gróðurþekja 40%, mosapemba með grösum og hálfgrösum.

Svæði B.

Malarásar við veglínu. Gróðurþekja 50%, mosapemba með grösum, hálfgrösum og lyngi.

Svæði C.

Skriðutaumar og malakeilur við veglínu. Gróðurþekja 50%, að mestu mosapemba með grösum, hálfgrösum og lyngi, en grasbrekkur og lyngmóar í smálægðum.

Svæði D.

Malakeila á fjallsbrún, Þröskuldur. Gróðurþekja nálægt 60% mosapemba með grösum og hálfgrösum.

Svæði E.

Flatur melur neðan votlendis. Gróðurþekja 20% mosi, grös og hálfgrös.

Svæði 60.

Klapparholt neðan votlendis. Gróðurþekja 30%, mosi, grös og holtablóm.

Svæði 61 og 62.

Gróf urð í hlið Strýtu. Ógróin.

Umfjöllun

Vegagerð um þetta svæði raskar ósnortnu landi og heildstæðum gróðurhverfum. Arnkötludalur var byggður til skamms tíma, þar eru tvö bæjarstæði frá 20. öld en nú er hann eingöngu nýttur til beitar og talsvert er um búpening í dalnum sumarlangt, aðallega sauðfé. Dalurinn er nú heillandi eyðidalur.

Gróður sem raskast er annars vegar holtagróður og illa grónir lyngmóar sem eru aðlagðir raski og ættu því að jafna sig fljótt ef vel er að málum staðið. Hins vegar raskast eitthvað af litlum votlendissvæðum. Í Arnkötludal eru þessir votlendispollar almennt umhverfis læki, neðst í hlíðinni. Sum þeirra, þau smæstu, munu þorna að mestu leyti og gróður breytast en þau stærri þurfa ekki að raskast nema á vegstæðinu sjálfu þar sem auðvelt er að viðhalda vatnsmiðlun um þau. Til samanburðar er síðan víðáttumikið og fjölbreytt votlendi austan árinna sem verður ósnortið nema með leið 6-N. Á fjallinu og í Gautsdal er votlendi og grónir hvammar þar sem vatn og snjór situr í lögðum og lænum. Þessi grónu svæði eru yfirleitt mjög lítil hvert um sig, en algeng. Þau munu raskast og jafnvel hverfa þar sem vegur liggur yfir þau, en ekki er að sjá að þau sem liggja á framkvæmdasvæðinu séu frábrugðin fjölda annara slíkra svæða í nágrenninu.

Umhverfis veginn í Arnkötludal og á háfjallinu er talsvert jarðvegsrof og mikið af illa grónu landi. Því er lögð til sú mótvægisáðgerð að gera náttúrulegum gróðri til góða með áburðargjöf utan hins eiginlega uppgræðslusvæðis á framkvæmdasvæðinu. Vegna alls þessa ógróna lands er mælt gegn því að framandi tegundum verði sáð í vegsárið þar sem miklar líkur eru á því að þær tegundir geti sáð sér verulega út í kringum veginn – inn í náttúrlegan gróður – sérstaklega ef sáð er grastegundum sem bæði hafa mikla fræframleiðslu og þola vel beit.

Bent er á ítrekaðar athugasemdir hér að ofan sem lúta að beit sauðfjár. Nokkuð stór sauðfjárnú nýta beitina í báðum dölunum, Arnkötludal og Gautsdal. Leggja þarf áherslu á að aðgengi sauðfjár að beitalandi verði ekki skert við framkvæmdina og að öryggi vegfarenda verði tryggt þar sem gera má ráð fyrir að umferð verði nokkuð hröð á fyrirhuguðum vegi.

Viðauki I. Tafla yfir plöntutegundir á svæðinu

Tafla 1. Tegundir plantna við fyrirhugaðan veg um Arnkötludal og Gautsdal.

Heiti	Latína	Svæði 1	Svæði 2	Svæði 3	Svæði 4	Svæði 5
Skriðlingresi	<i>Agrostis stolonifera</i>	1	1	1	1	1
Týtulíngresi	<i>Agrostis tenuis</i>	1	1	1	1	1
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>	1	1	1	1	1
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>	1	1	1	1	1
Vatnsliðagras	<i>Alopecurus aequalis</i>		1	1		
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	1	1	1	1	1
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>		1	1	1	
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	1	1	1	1	1
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>		1			
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	1	1	1	1	1
Birki	<i>Betula pubescens</i>	1	1	1	1	1
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	1	1	1	1	1
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>			1	1	
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>	1	1	1		
Hófsóley	<i>Caltha palustris</i>		1			
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>	1	1			
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>	1	1	1	1	1
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>	1	1	1	1	1
Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>	1	1	1	1	1
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>	1	1	1		1
Tjarnarstör	<i>Carex rostrata</i>		1			
Hrafnastör	<i>Carex saxatilis</i>		1			
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>		1	1		1
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>	1	1	1	1	1
Krækklurót	<i>Corallorhiza trifida</i>		1	1	1	
Brönugrös	<i>Dactylorhiza maculata</i>	1	1			1
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>			1	1	1
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>	1	1	1	1	1
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>	1	1	1	1	1
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>	1	1	1	1	1
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	1	1	1	1	1
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>		1			
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>	1	1			
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>	1	1	1	1	1
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>		1			
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>	1	1	1	1	1
Jakobsfifill	<i>Erigeron borealis</i>		1		1	
Klófifa	<i>Eriophorum angustifolium</i>	1	1	1	1	1
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>			1	1	
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>	1	1	1	1	1
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	1	1	1	1	1
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	1	1	1	1	1
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	1	1			
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>		1			
Undafifill	<i>Hieracium</i>		1	1	1	1
Reyrgresi	<i>Hierochloa odorata</i>	1	1	1	1	1
Skollafingur	<i>Huperzia selago</i>			1	1	
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>	1	1	1	1	1
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>	1	1	1	1	1

Fuglaertur	<i>Lathyrus pratensis</i>					
Skarififill	<i>Leontodon autumnalis</i>	1	1	1	1	1
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>	1	1	1	1	1
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	1	1	1	1	1
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>			1	1	
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>	1	1	1	1	1
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>	1	1	1	1	1
Melasól	<i>Papaver radicum</i>	1	1	1	1	1
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>		1			
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>	1	1	1	1	1
Vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i>	1	1	1	1	1
Íslandsfifill	<i>Pilosella islandica</i>	1	1	1	1	1
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	1	1	1	1	1
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>	1	1	1	1	1
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>	1	1	1	1	1
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>	1	1	1		1
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>		1	1		1
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	1	1	1	1	1
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>	1	1	1	1	1
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	1	1	1	1	1
Gráviðir	<i>Salix callicarpaea</i>	1	1	1	1	1
Grasviðir	<i>Salix herbacea</i>	1	1	1	1	1
Loðviðir	<i>Salix lanata</i>	1	1	1	1	1
Gulviðir	<i>Salix phylicifolia</i>	1	1	1		
Þúfusteibrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>			1		
Mosasteibrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>		1			1
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>				1	
Stjörnusteibrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>		1			1
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>			1		
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>				1	
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>	1	1	1	1	1
Haugarfi	<i>Stellaria media</i>	1				1
Túnfifill	<i>Taraxacum</i>	1	1	1	1	1
Brjóstagrass	<i>Thalictrum alpinum</i>	1	1	1	1	1
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	1	1	1	1	1
Sýki gras	<i>Tofieldia pusilla</i>	1	1	1	1	1
Mýrafinnungur	<i>Trichophorum caespitosum</i>	1	1	1	1	1
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>	1	1			
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>	1			1	
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>	1	1	1	1	1
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	1	1	1	1	1
Mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>	1	1	1	1	1
	<i>Samtals</i>	64	79	70	65	63

Svæði 1. Hrófá-Arnkötludalur, stöð 0-6.000.


Svæði 2. Arnkötludalur-Þvergil, stöð 6.000-10.000.

Svæði 3. Þvergil- Þröskuldur, stöð 10.000-15.000.


Svæði 4. Efri hluti Gautsdals, stöð 15.000-18.000.

Svæði 5. Neðri hluti Gautsdals, stöð 18.000-22.000.


Viðauki II. Kort af gróðurfari af svæðinu




A3 = Mosi með stinnastör og smárunnum, R2 = Tún í góðri rækt, notuð til slægna og/eða beitar, U3= Mýrarstör/stinnastör – fjalldrapi, z = þekja að meðaltali 50%, þ = þekja að meðaltali 25 %.




A3 = Mosi með stinnastör og smárunnum, H2 = Grös með störum, H3 = Grös með smárunnum, U = Mýri, U3 = Mýrarstör/stinnastör – fjalldrapi, U4 = Mýrarstör/stinnastör – klóffifa, x = þekja að meðaltali 75%, z = þekja að meðaltali 50%.




A = Mosagróður, A3 = Mosi með stinnastör og smárunnum, H2 = Grös með störum, T5 = Grös og starir, U = Mýri, U4 = Mýrarstör/stinnastör – klóffifa, z = þekja að meðaltali 50%.



A3 = Mosi með stinnastör og smárunnum, T5 = Grös og starir, U = Mýri, þ = þekjan að meðaltali 25 %.



A3 = Mosi með stinnastör og smárunnum, B7 = Bláberjalyng – krækilyng – víðir, U = Mýri,
p = þekja að meðaltali 25 %.



H1 = Grös, T2 = Hrossanál – starir – grös, T5 = Grös og starir, U = Mýri, hr = hraun, me = melar.